



Reykjavík, 24. janúar 2024

MSS24010173

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um minnisvarða fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis

Á fundi borgarstjórnar þann 23. janúar 2024 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna til meðferðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs:

Lagt til að borgarstjórn samþykki að haldin verði samkeppni um minnisvarða um #MeToo, fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis, áreitni og nauðgana, sem komið verði fyrir í landi Reykjavíkur.

Það tilkynnist hér með.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna sat hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Vinstri grænna lagði fram svohljóðandi bókun:

Með því að ávarpa kynferðislegt ofbeldi í opinberum rýmum erum við að krefjast þess af þeim sem eiga leið hjá og virða fyrir sér verk eða minnisvarða að velta fyrir sér því kerfislega kynferðisofbeldi sem á sér stað í samfélaginu okkar. Þannig getur hafist gagnrýnið samtal um þá normaliseringu sem fyrirfinnst á kynferðislegu ofbeldi, nauðgunum og áreitni í samtímanum. Í gegnum söguna hefur þetta sífellt verið þaggað niður og enn finnum við fyrir þögguninni í dag. Allt í kringum okkur, bæði hér heima og erlendis, eru stytur af merkilegum körlum. Hundruð þúsunda minnisvarða víða um heim eru tileinkuð körlum sem hafa lagt eitthvað til mannkynssögunnar. Sjaldan er konu eða konum og veruleika þeirra lyft upp í almannarýminu. Reynsluheimur kvenna hefur lengi verið ósýnilegur og enn eru öfl allt í kringum okkur sem vilja halda því þannig. Með því að búa til minnisvarða, listaverk eða minnisrými tileinkað þolendum kynferðislegs ofbeldis sendir Reykjavík skýr skilaboð: Reykjavíkurborg líður ekki kynferðislegt ofbeldi og áreitni og stendur með öllum þeim sem hafa þurft að þola það. Sterkast hefði verið að samþykkja tillögu Vinstri grænna í borgarstjórn frekar en að vísa henni til fagraðs þar sem afdrif hennar verða óljós.

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Kynbundið ofbeldi og áreitni er samfélagsmein sem mikilvægt er að vinna gegn með markvissum hætti. Meirihluti borgarstjórnar tekur það verkefni alvarlega og mun gera áfram. Sú hugmynd að reisa minnisvarða til að minnast samstöðu



Reykjavík



kvenna gegn ofbeldi er góðra gjalda verð og því er samþykkt að senda hana til afgreiðslu í mannréttinda- ofbeldisvarnarráði þar sem kallað verður eftir umsögnum og samráði við hagsmunaaðila.

Virðingarfyllst,
Þórhildur Lilja Ólafsdóttir
e.u.

Hjálagt:
Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna



Reykjavík

Borgarstjórn Reykjavíkur
23. janúar 2024

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um minnisvarða fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis

Lagt til að borgarstjórn samþykki að haldin verði um samkeppni um minnisvarða um #MeToo, fyrir þolendur kynferðislegs ofbeldis, áreitni og nauðgana, sem komið verði fyrir í landi Reykjavíkur.